



Matsferill

Kynning fyrir menntaráð
þriðjudaginn 3. mars 2026

Bergþóra Þórhallsdóttir, verkefnastjóri UT á grunnskóladeild
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar



Dagskrá

- Hvað er Matsferill?
- Hvenær er Matsferill lagður fyrir?
- Tvíþætt hlutverk Matsferils?
- Samræmd skilaboð til nemenda frá *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu*
- Samræmd skilaboð til foreldra barna sem fara í skyldubundin próf
- Trúnaður vegna prófa
- Lesskilningur
- Stærðfræði
- Hvernig er Matsferill lagður fyrir?
- Próftími?
- Undanþága frá þátttöku í Matsferli?
- Hvernig nýtast niðurstöður Matsferils?



Hvað er Matsferill?

- Matsferill byggir á hugmyndinni um hringrás *mats og kennslu*.
- Þróunin er langtímaverkefni í samstarfi við hagaðila.
- Fyrirlögn er skyldubundin á landsvísu í 4., 6. og 9. bekk. Í Kópavogi eru þau lögð fyrir alla árganga frá 4. bekk til 10. bekk.





Hvenær verður Matsferill lagður fyrir?

Stöðu- og framvinduprófin í lesskilningi og stærðfræði verða lögð fyrir á tímabilinu: **2. - 27. mars 2026.**

Hver grunnskóli ákveður hvenær nemendur fara í próf og þau krefjast ekki sérstaks undirbúnings

(sjá: [Matsferill | Miðstöð menntunar og skólaþjónustu](#)).



Tvívætt hlutverk Matsferils?

Að fylgjast með námsframvindu hvers barns og tryggja að það fái viðeigandi kennslu og stuðning.



Að afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild þannig að stefnumótandi aðilar geti fylgst með þróun námsárangurs yfir tíma, greint styrkleika og áskoranir og lagt til umbætur í menntun.



Tvíþætt hlutverk ... frh.

Hægt verður að fylgjast markvisst með stöðu og námsframvindu nemenda á einum stað á ólíkum sviðum náms og yfir tíma (eins og hægt hefur verið með Lesferil).

Fyrst um sinn verða eingöngu grunnskólar undir í fyrirlögn matsferils. Á seinni stigum koma leikskólar og framhaldsskólar inn í matsferilinn.

Fyrirlögn Matsferils er mikilvægt skref í átt að gagnadrifnu menntakerfi og þar með gagnadrifnu skólastarfi.



Samræmd skilaboð til nemenda frá MMS ...

Kæru nemendur,

Í mars verða stöðu- og framvindupróf Matsferils, í stærðfræði og lesskilningi lögð fyrir. Tilgangur prófanna er að afla og veita ykkur upplýsingar um stöðu ykkar í þessum greinum með samanburði við jafnaldra. Upplýsingarnar nýtast einnig kennurunum til að aðlaga kennslu sína að þörfum nemenda sinna og bregðast rétt við, til dæmis þegar nemendur þurfa meiri aðstoð eða áskoranir í námi. Þess vegna er það mjög mikilvægt að þið leggið ykkur fram og gerið ykkar allra besta.

Prófin verða opin í fjórar vikur og skipuleggur skólinn, í samráði við kennara, hvenær nemendur taka prófin. Prófin eru lögð fyrir rafrænt og þau krefjast ekki sérstaks undirbúnings. Það er því ekkert stress og munið bara að gera ykkar besta.



Samræmd skilaboð til foreldra frá MMS

Upplýsingabréf til forsjáraðila um ný stöðu- og framvindupróf
Matsferils í lesskilningi og stærðfræði

Kæru nemendur og forsjáraðilar

Hér eru mikilvægar upplýsingar um nýju stöðu- og framvindupróf Matsferils í stærðfræði og lesskilningi. Þið eruð hvött til að kynna ykkur þær vel en getið jafnframt leitað til skólans eða sent tölvupóst til Miðstöðvar menntunar og skólaláðgjafu á netfangið hjale@midstodmenntunar.is ef breiðð svarar ekki öllum spurningum sem þið kunið að hafa varðandi prófin. Við viljum líka benda ykkur á að hægt er að kynna sér allt um prófin á [vefnum okkar](#).

Hvað eru stöðu- og framvindupróf?

Prófin hafa þann tilgang að veita upplýsingar um stöðu og framvindu nemenda í námi og varpa ljósi á styrkleika þeirra og áskoranir. Þannig er hægt að bregðast markvisst við námsþörfum þeirra. Prófin eru stöðluð, sem þýðir að hægt er að setja fram aldursbundin viðmið og bera árangur saman við landsmeðaltal.

Hvenær verða prófin lögð fyrir?

Prófin verða lögð fyrir á tímabilinu 2.-27. mars 2026 og hafa skólar því fjórar vikur til að leggja prófin fyrir.

Hvernig fara prófin fram?

Prófin eru lögð fyrir rafrænt og á skólatíma. Próftíminn er 80 mínútur en flestir nemendur leysa þau á 40-60 mínútum skv. forprófun.

Hvernig undirbúa nemendur sig fyrir prófin?

Prófin krefjast ekki sérstaks undirbúnings en það er mikilvægt að hvetja börn til að gera eins vel og þau geta. Þannig fást bestu upplýsingamar um færni þeirra.

Útbúin hafa verið sýnispróf sem sniðin eru að aldri nemenda. Þau eru aðgengi-
leg á [sýnispróf.mms.is](#). Sýnisprófin eru ekki ætluð til þjálfunar í stærðfræði eða
lesskilningi heldur til að kynna stafrænu umhverfi prófanna.

Hvaða nemendur taka prófin?

Stöðu- og framvinduprófin í stærðfræði og lesskilningi eru ætluð nemendum í 4.-10. bekk. Þau eru skyldubundin í 4., 6., og 9. bekk en valkæð í öðrum árgöngum. Sum sveitarfélög og skólar hafa tekið þá ákvörðun að leggja prófin fyrir alla árganga sína svo hægt sé að fylgjast með námsframvindu nemenda í þessum greinum.*

Hvenær verða niðurstöður aðgengilegar?

Úrvinnsla prófanna mun hefjast strax og fyrirlögn lýkur og tekur hún um fjórar vikur. Í maí verða niðurstöður birtar forsjáraðilum á Minum síðum á [island.is](#).

Að lokum

Við vonum að prófin reynist vel og hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna.

*Gert er ráð fyrir að allir nemendur sem fylgja árgangi í námi taki prófin. Skólastjóri getur sótt um undanþágu fyrir nemendur sem hafa ekki ávinning af því að taka prófin en það er alltaf gert í samráði við forsjáraðila.

Sumir nemendur þurfa á stuðnings-
úmræðum að halda til að auðvelda þeim
próftökuna. Til dæmis er boðið upp á
upplestur í stærðfræðiprófi, naði við
próftöku eða próftöku í minni hófum
fyrir þá nemendur sem þurfa meiri
stuðning og hvatningu. Það er ekki
boðið upp á upplestur í lesskilnings-
prófi vegna þess að tilgangur prófins
er að meta að hvaða marki nemendur
geta nýtt sér lestrarfærni sína til að
afla sér upplýsinga úr texta. Það
þarf ekki að sækja sérstaklega um
stuðningsúmræðir.



Trúnaður vegna prófa

Spurningar í prófum og matstækjum í Matsferli verða notaðar í nokkur ár. Stefnt er að því að notkunartími þeirra verði um fimm til sjö ár. Ástæða þessa er annars vegar að mikil krafa er gerð um gæði prófanna og hins vegar að mikil vinna felst í því að þróa viðmið um námsframvindu og einkunnakvarða sem endurspeglar það sem nemendur kunna og geta. Því er mikilvægt að þó svo kennarar geti séð einstakar spurningar eða prófverkefni að þeir haldi þeirri vitneskju fyrir sig og dreifi ekki upplýsingum um prófatriðin.

Öll verkefni í stöðu- og framvinduprófum eru eign Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og er óheimilt að afrita þau með nokkrum hætti. Textar í lesskilningsprófi eru birtir með leyfi höfunda/rétthafa. MMS hefur fengið heimild til að nýta þá við mat á stöðu nemenda en hefur ekki rétt til að dreifa þeim með öðrum hætti. Myndir eru ýmist teiknaðar sérstaklega fyrir prófin eða birtar með leyfi eigenda.



Matsferill – tæknimál



Undirbúningur

Prófanir á neti

- Samstarf við skrifstofu þjónustu – UT deild
- Tengill frá MMS sendur til prófunar

Prófanir á Matsferli

- 4 skólar prófuðu fyrir ári síðan – allt gekk að óskum
- Prófanir á fyrirlögn Matsferils 2026 í höndum hvers skóla. Tengill á æfingapróf á undirbúningstíma.



Undirbúningur

Leiðbeiningar til tæknitengiliða

- Á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu
- Fundir með tæknitengiliðum
- Spurt og svarað
- hjalp@midstodmenntunar.is

Uppsetning og stýrikerfi

- Settur upp Safe Exam Browser (SEB). SEB er eingöngu vafri. Hugbúnaðurinn sjálfur inniheldur ekki próf heldur er hann tenging við prófin og kemur í veg fyrir aðgang að öðrum forritum eða vefsíðum á meðan á próftöku stendur.
- Tækniumsjónarmenn og tengiliðir skóla sjá um að tækin séu með nýjustu uppfærslu stýrikerfa.
- Innskráning - <https://matsferill.mms.is/> Tæki læsist við innskráningu (90 mín.)



Matsferill - tæknimál

Netpunktar

- Ráðstafanir gerðar með því að dreifa álagi á netpunkta til að fyrirbyggja netvandamál

Aukabúnaður

- Aukaspjaldtölvur fyrir nemendur sem þurfa að nota Google Translate í stærðfræðiprófinu. Fjöldi tækja tryggður í samstarfi við skrifstofu þjónustu – UT deild.
- Nemendur með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn, sem hafa verið skemur en tvö ár á Íslandi eða eru vanir að notast við þýðingarforrit í stærðfræðinámi sínu, mega nota slíkt forrit við úrlausn stærðfræðiprófsins. Þýðingarforritið þarf að vera í læstu viðmóti í öðru tæki (SEB9 svo aðgengi að öðrum forritum sé ekki til staðar.
- 3 – 16 aukaspjaldtölvur á skóla. Fjöldi metinn í hverjum skóla fyrir sig.



Matsferill

Lesskilningur og stærðfræði



Lesskilningur

- Að geta skilið það sem ekki er sagt beinum orðum í texta.
- Horft er til þess:
 - Hvernig færni í lesskilningi nemenda þróast á milli ára?
 - Hversu vel nemendur ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár þegar litið er til lesskilnings?
- Textar eru: Fjölbreyttir, óháðir bakgrunnspekkingu, áhugaverðir og í samræmi við æskilega lestrarfærni.
 - Fjölvalsspurningar liggja að baki prófinu.



Lesskilningur frh.

Lesskilningur felur í sér:

- Að staðsetja og endurheimta með því:
 - Að finna og muna upplýsingar.
 - Að þekkja merkingu algengra orða.
- Ályktun og túlkun með því að:
 - Þekkja framandi orð.
 - Skilja það sem ekki er sagt.
- Ígrundun og mat með því að:
 - Leggja mat á textann.
 - Greina textann.



Stærðfræði

- Hæfniviðmið fyrir stærðfræði fela í sér fjóra megin inntaksflokka:
 - Tölur og reikningur
 - Algebra
 - Tölfræði og líkindi
 - Rúmfræði og mælingar



Stærðfræði frh.

- Reynir á kunnáttu – að geta framkvæmt reikniaðgerðir.
- Beiting – að ákveða hvað skal gera út frá samhengi eða að beita hugtökum og aðferðum
- Rök og greining – að tengja saman stærðfræðilega þekkingu og nota rökhugsun til að greina og túlka.
- Fjölvalsspurningar og almennar stærðfræðitengdar spurningar.



Hvernig er Matsferill lagður fyrir?

- Það er í höndum hvers skóla hvernig fyrirlögn Matsferils er háttað.
 - Hægt að leggja fyrir í minni/stærri hópum.
- Skólar eru hvattir til að nýta sveigjanleika sem langt tímabil í fyrirlögn gefur.
- Það eru þrjú próf sem lögð eru fyrir í hverjum árgangi.
 - Sessunautar trúlega ekki með sömu útgáfu af prófinu á sama tíma.
- Prófurlausnir er unnar á tölvu eða Ipad.



Miðstöð menntunar
og skólabjónustu

UNDIRBÚNINGUR FYRIRLAGNAR GÄTLISTI SKÓLA

	Allir
☐	Horfa á fræðslumyndbönd um stöðu- og framvindupróf Matsferils.
☐	Kynna sér handbók mjög vel áður en fyrirögn hefst þar sem hún svarar mörgum spurningum.
	Skólastjórnendur
☐	Skipa tæknitengilið skólans og tengja við Miðstöð menntunar og skólabjónustu.
☐	Velja prófadaða innan fyriragnartímabils í samráði við kennara.
☐	Senda upplýsingabréf til forsjáraðila.
☐	Ákvarða í samráði við kennara hvort eða hvaða nemendur eru undanþegnir próftöku.
	Kennarar
☐	Kynna tilgang prófanna fyrir nemendum.
☐	Kynna fyrir nemendum sýnisprófið og þjálfá þá í notkun aðgengistóla í prófakerfinu.
☐	Ákvarða í samráði við skólastjórnendur hvort eða hvaða nemendur eru undanþegnir próftöku.
	Tæknitengiliðir
☐	Tryggja að gott netsamband sé í skólanum.
☐	Uppfæra stýrikerfi og vafra í öllum tækjum.
☐	Setja upp veflíða á öllum tækjum.
☐	Hafa varatölur til staðar ef bilun kemur upp.



Próftími

Prófafyrirlögn getur staðið yfir frá kl. 8:00 til 14:30 alla virka daga innan tímabils fyrirlagnar.

Gert er ráð fyrir að það taki ekki lengri tíma en 90 mínútur að ljúka fyrirlögn.

Sjálf prófúrlausnin mun taka langflesta nemendur um 40–60 mínútur.

Að loknum 90 mínútum lokast prófakerfið sjálfkrafa og skilar inn úrlausnum nemenda.



Undanþága frá próftöku

Almenna reglan er að nemendur sem hafa þar til bæra hæfni þreyta stöðu- og framvindupróf. Hagsmunir nemandans eru hafðir að leiðarljósi.

- Undanþága er vegna nemenda í sérskólum og nemenda með einstaklingsnámskrá.
- Nemendur sem fylgja hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö ár eru færir um að þreyta prófið og geta eftir atvikum fengið stuðning.
- Nemendur með taugabroskaröskun (ADHD, sértæka námserfiðleika (lestrar-, skriftar- og/eða stærðfræðivandi), málþroskaröskun DLD, röskun á einhverfurófi, sjónskerðingu, heyrnarskerðingu og/eða líkamlega fötlun (skerta hreyfifærni) þreyta prófið fylgi þeir árgangi í námi.
- Nemendur með lestrarvanda (greinda dyslexíu) þreyta prófið sé það mat kennara/skóla að þeir ráði við það.

Undanþága frá töku skyldubundinna stöðu- og framvinduprófa Matsferils fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk

Samkvæmt 39. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 er skólastjóra heimilt, ef gildir ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir, að veita nemendum undanþágu frá því að undirgangast skyldubundið námsmat í einstökum greinum. Þetta eyðublað má nota til að afla samþykkis forsjáraðila og er það geymt hjá skóla. Athugið að það inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar og ber því að varðveita með tryggu hætti.

Skólastjóra ber að skrá ástæðu undanþágu og er það gert í stafrænu viðmóti Matsferils. Nánari upplýsingar um ástæður undanþágu er að finna í handbók fyrir stöðu- og framvindupróf Matsferils.

- ☐ Sótt er um undanþágu frá þátttöku í stöðu- og framvinduprófi í stærðfræði.
- ☐ Sótt er um undanþágu frá þátttöku í stöðu- og framvinduprófi í lesskilningi.

Sótt er um undanþágu vegna

- ☐ nemanda sem stundar nám í sérskóla eða sérúræðum skv. 42. grein laga um grunnskóla.
- ☐ nemanda sem er með einstaklingsnámskrá.
- ☐ nemanda með annað móðurmál en íslensku sem hefur fylgt hæfniviðmiðum aðalnámskrár í íslensku sem öðru tungumáli í tvö ár eða skemur.
- ☐ nemanda með taugabroskaröskun.
- ☐ nemanda með sértæka námsörðugleika (lestrarvandi, stærðfræðivandi).
- ☐ nemanda með líkamlega fötlun.
- ☐ annars, svo sem andlegs eða líkamlegs áfalls.

Nafn nemanda

Kennitala

Bekkur

Skóli

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala forsjáraðila

Undirskrift skólastjóra

Undirskrift og kennitala forsjáraðila



Hvernig nýtast niðurstöður Matsferils?

Hafa ber í huga að með notkun matstækja eins og Matsferils skapast siðferðileg skylda skóla og samfélags til að bregðast við niðurstöðum með skýrum og afgerandi hætti.

- Kennurum ber að læra vel á matstækin, þekkja hugsmíðina sem liggur að baki, vanda framkvæmd og túlkun og vera vel í stakk búnir til að bregðast við niðurstöðum.
- Skólastjórnendum ber að skapa góð skilyrði til náms og kennslu.
- Allir nemendur þurfa að eiga möguleika á að ná framúrskarandi árangri á sínum forsendum.



Hvar birtast niðurstöður Matsferils?

- Inni á Mínar síður á Ísland.is fyrir foreldra
- Inni á nemendagrunni fyrir starfsfólk grunnskóla og sveitarfélaga.



Birtingarmynd niðurstaðna Matsferils

Niðurstöður stöðu- og framvinduprófa eru birtar á skýran og aðgengilegan hátt.

Nemendur fá niðurstöðu sem hlutfall réttra svara á prófinu. Það sýnir hversu mörgum spurningum nemandinn svaraði rétt og gefur skýra mynd af frammistöðu hans á viðkomandi prófi.

Auk þess er staða barns innan hóps jafnaldra á landinu skoðuð. Henni er lýst á mynd og í texta þar sem fjallað er um

- hvað einkennir hæfni nemanda
- hvaða þarfir hann hefur í námi sínu í viðkomandi námsgrein

Markmiðið er að tryggja rétt úrræði fyrir rétt börn.


- Börn neðst í dreifingu hóps jafnaldra þurfa skýr inngrip og markvissa eftirfylgd.
- Börn efst í dreifingu þurfa meiri áskoranir.

Mynd sem sýnir framvindu gefur yfirlit yfir þróun árangurs milli ára og gefur vísbendingu um hvort nemandi sé að taka framförum, standa í stað eða þurfi frekari stuðning.



Birtingarmynd frh.

Mælitölin er birt á kvarðanum 1-19 en landsmeðaltalið er alltaf 10. Litirnir sýna fjögur færnibil sem er lýst hægra megin við myndina.



● Nemandi ---- Landsmeðaltal Yfir meðaltali Við meðaltali Undir meðaltali Neðstu mörk

13 - 19) Frammistaða er góð og yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Viðfangsefni í lestrarnámi þurfa að vera áhugaverð og fela í sér áskoranir við hæfi.

8 - 12) Frammistaða er í meðallagi miðað við jafnaldra. Efla þarf áfram lestrarfærni nemanda í takt við stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf sérstaklega með framvindu lestrarnáms hjá nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9).

5 - 7) Frammistaða er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Nemandi getur þurft tímabundinn stuðning og eftirfylgni af hálfu skóla í samvinnu við heimili svo takmörkuð lestrarfærni hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

1 - 4) Frammistaða er í neðstu mörkum kvarða. Nemandi þarf stuðning og eftirfylgni í lestrarnámi í samvinnu við heimili. Hægar framfarir í lestri mega ekki hafa áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

